

Aðalbjörn G. Jónsson	Rauðhömrum 10	112 Reykjavík	Ingibjörg Grétarsdóttir	Laufrima 8	112 Reykjavík
Agnes Ásgeirsdóttir	Sigtúni 6	450 Patreksf.	Ingunn Grétarsdóttir	Höll	311 Borgarnesi
Agnes Björk Björnsdóttir	Tungusíðu 15	603 Akureyri	Isabella Ó. Gunnarsdóttir	Þelamörk 59	810 Hveragerði
Agnes Linnet	Fagrabergi 22	220 Hafnarf.	Ísak Máni Stefánsson	Hjallabraut 13	815 Þorláksh.
Aldís Baldursdóttir	Klængsseli	801 Selfossi	Ísleifur Unnar Jónsson	Æsufelli 6	111 Reykjavík
Alexander Sigurgeirsson	Birkiteig 29	230 Keflavík	Ísold Anna Arnadóttir	Grettisgötu 57	101 Reykjavík
Alexandra Garðarsdóttir	Arahólum 2	111 Reykjavík	Jafet Egill Magnason	Búastaðabraut 9	900 Vestmannaeyjum
Alexandra H. Felixdóttir	Hólum 17	450 Patreksf.	Jóhann Arnar Björnsson	Laugateigi 11	105 Reykjavík
Almar Kárason	Norðurbyggð 22b	815 Þorláksh.	Jóhann F. Sigurjónsson	Reykási 49	110 Reykjavík
Andrea Björg Jónsdóttir	Birkiteigi 25	230 Keflavík	Jóhanna M. Friðriksdóttir	Hvammabraut 12	220 Hafnarf.
Andri Már Maríuson	Grettisgötu 57	101 Reykjavík	Jón Alexander Jónsson	Starengi 96	112 Reykjavík
Andri Þór Gunnarsson	Álfaskeiði 76	220 Hafnarf.	Jón Arnar Tómasson	Kambaseli 39	109 Reykjavík
Aníta Eíasdóttir	Ásavegi 33	900 Vestmannaeyjum	Jón Kristinn Sigurðsson	Skagabraut 46	300 Akranesi
Aníta Ósp Ingólfsdóttir	Hábergi 7	111 Reykjavík	Jón Magnús Hanneson	Hvassaleiti 93	103 Reykjavík
Anna Berglind Smáradóttir	Heiðarbraut 5g	230 Keflavík	Jón Orri Jónsson	Álfheimum 34	104 Reykjavík
Anna H. Grétarsdóttir	Langholtsv. 170	104 Reykjavík	Jón Pétur Gíslason	Fífuseli 34	109 Reykjavík
Anna K. Sigurðardóttir	Álakvísl 90	110 Reykjavík	Jón Svavar Gunnarsson	Eiðsvallag. 30	600 Akureyri
Anna Lóa Barðadóttir	Vallargötu 16	470 Þingeyri	Jón Þorri Jónsson	Brekkugötu 52	470 Þingeyri
Anton Gunnar Ólafsson	Lundargötu 12	600 Akureyri	Jóna D. Hólmfríðardóttir	Stórhóli 6	640 Húsavík
Ari Arnaldsson	Háal.braut 155	108 Reykjavík	Júlía Káradóttir	Norðurbyggð 22b	815 Þorláksh.
Arna Gísladóttir	Meðalbraut 16	200 Kópavogi	Jökull Elí Þorvaldsson	Kirkjuvegi 65	900 Vestmannaeyjum
Arnar Freyr Gunnarsson	Álfaskeiði 76	220 Hafnarf.	Karen Friðriksdóttir	Hraunvegi 16	260 Njarðvík
Arnar Freyr Ingvarsson	Böðvarsgötu 8	310 Borgarnesi	Karen Ingibjargardóttir	Högnastíg 1	845 Flúðum
Arnar Grétarsson	Höll	311 Borgarnesi	Karen Ó. N. Björnsdóttir	Þverbrekku 2	200 Kópavogi
Arnar Hólm Bjarnason	Aðalstræti 5	600 Akureyri	Karen Yr Sigurjónsdóttir	Brekkuseli 30	109 Reykjavík
Arnar Logi Hákonarson	Vallargötu 29	470 Þingeyri	Karen Ösp Einarsdóttir	Kirkjuvegi 9	625 Ólafsf.
Aron Ernir Guðmundsson	Reykjasíðu 8	603 Akureyri	Katrín I. Guðjónsdóttir	Eystra-Hrauni	880 Kirkjub.kl.
Aron Gunnar Harðarson	Álfatúni 33	200 Kópavogi	Klara A. Birgisdóttir	Fjarðargötu 30	470 Þingeyri
Aron Þór Sigurgeirsson	Skarðshlíð 10e	603 Akureyri	Klemens Ó. Sigurbjörnsson	Heiðargerði 14	190 Vogum
Atli Freyr Kristjánsson	Viðarási 16	110 Reykjavík	Kolbrún Sjöfn Jónsdóttir	Rauðhömrum 10	112 Reykjavík
Atli Már Valtýsson	Dalseli 6	109 Reykjavík	Kristinn Viðar Snorrason	Austurvegi 14	240 Grindavík
Atli Már Þorbergsson	Hamratanga 12	270 Mosfellsbæ	Kristín Bára Snorradóttir	Austurvegi 14	240 Grindavík
Atli Þrastarson	Vörðubergi 22	220 Hafnarf.	Kristín M. Jakobsdóttir	Hraunbraut 39	200 Kópavogi
Árni Þórður Magnússon	Tjarnarl. 13h	600 Akureyri	Kristín R. Guðmundsdóttir	Vesturgötu 53	107 Reykjavík
Ása G. B. Jónsdóttir	Austurvegi 49	710 Seyðisf.	Kristín Sigurjónsdóttir	Urðarvegi 66	400 Ísafirði
Ásdís Helga Arnarsdóttir	Stórholti	371 Búðardal	Kristján Ingi Arnarsson	Stórholti	371 Búðardal
Ásdís Zebitz	Engjaseli 11	109 Reykjavík	Kristrún Una Thoroddsen	Goðatúni 14	425 Flateyri
Ásta Hlín Magnúsdóttir	Hlíðargötu 47	750 Fáskrúðsf.	Lars Davíð Gunnarsson	Þelamörk 59	810 Hveragerði
Ásta Kristný Hjaltalín	Silfurgötu 24	340 Stykkish.	Lára Guðnadóttir	Fagrahjalla 18	690 Vopnaf.
Baltasar B. Baltasarsson	Sólvallarg. 64	101 Reykjavík	Leó Örn Þrastarson	Vallholti 17	355 Ólafsvík
Berglind A. Magnúsdóttir	Staðarhrauni 21	240 Grindavík	Lilja Björk Bjarnadóttir	Grundargötu 9	350 Grundaf.
Berglind H. Björnsdóttir	Aðalgötu 3	625 Ólafsf.	Lilja Katrín Daggardóttir	Melbæ 19	110 Reykjavík
Berglind Yr Ingvarsdóttir	Böðvarsgötu 8	310 Borgarnesi	Linda Ósk Gunnarsdóttir	Melbæ 19	110 Reykjavík
Bergur Þorgilsson	Hrauntungu 10	200 Kópavogi	Lýdía Linnéa Pálsdóttir	Hafnarbyggð 37	690 Vopnaf.
Berta Svansdóttir	Skólavegi 44	230 Keflavík	Magnús Þór Ingólfsson	Vogatungu 4	200 Kópavogi
Birgir Knútur Birgisson	Fjarðargötu 30	470 Þingeyri	María Breiðfjörð	Arahólum 2	111 Reykjavík
Birgir Þór Ingvarsson	Skagf.braut 7	550 Sauðárkr.	María Rós Sigurðardóttir	Álakvísl 90	110 Reykjavík
Birgitta Valdimarsdóttir	Brimhólabraut 7	900 Vestmannaeyjum	Marteinn Helgi Jónsson	Tindum 1	270 Mosfellsbæ
Birkir Már Þrastarson	Hásteinsvegi 42	900 Vestmannaeyjum	Mathias Bergmann Angefur	Köldukinn 20	220 Hafnarf.
Birna Kristinsdóttir	Urðarvegi 78	400 Ísafirði	Melkorka M. Felixdóttir	Hólum 17	450 Patreksf.
Bjarki Ómarsson	Ásharni 50	900 Vestmannaeyjum	Mikael Hrannar Sigurðsson	Rauðahjalla 1	200 Kópavogi
Bjarki Þór Sveinsson	Hólshúsi	245 Sandgerði	Olgeir Gunnarsson	Blikastöðum 1	270 Mosfellsbæ
Bjarmi F. Sigurbjörnsson	Heiðargerði 14	190 Vogum	Ólafur Ingi Eiríksson	Hvannarima 4	112 Reykjavík
Bjarmi Þór Jónsson	Dalbraut 17	465 Bíldudal	Óskar Elías Sigurðsson	Hásteinsvegi 60	900 Vestmannaeyjum
Björgvin Steinþórsson	Álfabrekku 2	750 Fáskrúðsf.	Patrekur Björgvinsson	Vesturgötu 133	300 Akranesi
Breki Sigurðsson	*Húsalind 14*	*200 Kópavogi*	*Petra Wium Sveinsdóttir*	*Hólshúsi*	*245 Sandgerði*
Bryndís B. Bergþórsdóttir	Traðarbergi 3	220 Hafnarf.	Pétur Birgisson	Hvassaleiti 16	103 Reykjavík
Bryndís Matthíasdóttir	Sandabraut 16	300 Akranesi	Ragnar Þór Ragnarsson	Akurgerði 5a	600 Akureyri
Bryndís Þorkelsdóttir	Gaukshólum 2	111 Reykjavík	Rebekka M. Ágústsdóttir	Eystra-Hrauni	880 Kirkjub.kl.
Brynjar F. Gunnlaugsson	Valbraut 2	250 Garði	Rebekka Sigurðardóttir	Skagabraut 46	300 Akranesi
Brynjólfur Stefánsson	Miklubraut 28	105 Reykjavík	Rósa Björg Ólafsdóttir	Lundargötu 12	600 Akureyri
Daði Ómarsson	Austurbrún 33	104 Reykjavík	Runólfur Ó. Kristjánsson	Stillholti 1	300 Akranesi
Dagný B. Sigurðardóttir	Reynihólum 6	620 Dalvík	Rúnar Ingi Eðvarðsson	Heiðarbraut 13	230 Keflavík
Dagný Hlín Rafnsdóttir	Grundargerði 6c	600 Akureyri	Sandra Dögg Vatnsdal	Grýtubakka 8	109 Reykjavík
Daníel Ólafsson	Sámsstöðum	320 Reykholti	Sandra Ýr Gunnarsdóttir	Álfaskeiði 76	220 Hafnarf.
Daníel Sigurðarson	Þósthólf 34	202 Kópavogi	Sara Geirsdóttir	Björtuhlíð 33	270 Mosfellsbæ
Daníel Steinar Emilsson	Smárarima 6	112 Reykjavík	Sigríður Þorsteinsdóttir	Meltröð 8	200 Kópavogi
Dögg Þrastardóttir	Heiðvangi 16	850 Hellu	Sigrún Björnsdóttir	Vesturgötu 133	300 Akranesi
Edda María Birgisdóttir	Garðhúsum 26	112 Reykjavík	Sigurbjörg S.Pétursdóttir	Borgarbraut 6	350 Grundaf.
Einar Gísli Þorbjargarson	Engihjalla 9	200 Kópavogi	Sigurður Már Hannesson	Hvassaleiti 93	103 Reykjavík
Einar H. Þorsteinsson	Mánagötu 21	240 Grindavík	Sigurrós Sigurðardóttir	Sóleyjargötu 1	300 Akranesi
Elín Jónasdóttir	Uppsalavegi 16	640 Húsavík	Sigvaldi Þorsteinsson	Reykjabyggð 19	270 Mosfellsbæ
Elísa Rún Hermundardóttir	Álakvísl 84	110 Reykjavík	Silja Rán Guðmundsdóttir	Stórholti 13	400 Ísafirði
Elísa Þorsteinsdóttir	Fjóluhlíð 15	220 Hafnarf.	Sindri Jóhannsson	Suðurgötu 32	245 Sandgerði
Elma Rut Valtýsdóttir	Dalseli 6	109 Reykjavík	Sindri Snær Helgason	Vogagerði 17	190 Vogum
Elvar Smári Arnarsson	Vesturgötu 19	300 Akranesi	Skúli Arnar Gunnarsson	Fífusundi 5	530 Hvammst.
Emelía Ósk Grétarsdóttir	Kjarrmóa 16	260 Njarðvík	Skúli Bragi Magnússon	Tjarnarl. 13h	600 Akureyri
Erla Guðmundsdóttir	Hlíðarbæ 10	301 Akranesi	Sólrún Ó. Unnsteinsdóttir	Lindasmára 22	200 Kópavogi
Eva Hrund Hlynsdóttir	Hamraborg 14	200 Kópavogi	Sólveig Sigurvinsdóttir	Sólheimar 9	245 Sandgerði
Eva Kristín Káradóttir	Arnarhrauni 3	240 Grindavík	Stefán Andri Halldórsson	Háholti 9	220 Hafnarf.
Eva Rún Barðadóttir	Vallargötu 16	470 Þingeyri	Stefán Dalkvist Ágústsson	Eystra-Hrauni	880 Kirkjub.kl.
Eygló H. Guðmundsdóttir	Melavegi 6	530 Hvammst.	Stefán Freyr Smárason	Heiðarvegi 19	230 Keflavík
Fanney Dröfn Magnadóttir	Búastaðabraut 9	900 Vestmannaeyjum	Stefán Jón Steinþórsson	Granuf.götu 22	600 Akureyri
Fjóla Birna Hallsdóttir	Brekkubyggð 9	540 Blönduósi	Steinþór Örn Þorsteinsson	Meltröð 8	200 Kópavogi
Friðberg Rúnar Jóelsson	Háleggsstöðum	565 Hofsósi	Stella Stefánsdóttir	Vesturbergi 26	111 Reykjavík
Friðgerður R Auðunsdóttir	Vesturgötu 25	230 Keflavík	Sunna Þorsteinsdóttir	Meltröð 8	200 Kópavogi
Friðrik Björnsson	Vallargötu 28	245 Sandgerði	Svanberg Óskarsson	Sörlaskjóli 86	107 Reykjavík
Friðrik H. Friðriksson	Hvammabraut 12	220 Hafnarf.	Svanur Grétarsson	Höll	311 Borgarnesi
Friðrik Rúnar Ásgeirsson	Fjarðarstræti 6	400 Ísafirði	Svava Helga Sveinsdóttir	Þórufelli 8	111 Reykjavík
Fríða Rakel Linnet	Fagrabergi 22	220 Hafnarf.	Svavar Þrastarson	Vörðubergi 22	220 Hafnarf.
Gestur Auðunsson	Vesturgötu 25	230 Keflavík	Sædís Björg Sævarsdóttir	Stafnesvegi 20	245 Sandgerði
Gestur Ingi Reynisson	Sólheimum 15	104 Reykjavík	Sædís Valdimarsdóttir	Vesturvegi 21	900 Vestmannaeyjum
Gísli Rúnar Bergsson	Langagerði 56	108 Reykjavík	Sævar Falk Hermundarson	Aðalbraut 67	675 Raufarhöfn
Gréta Óladóttir	Skútahrauni 1	660 Reykjahlíð	Thelma H. Tryggvadóttir	Heiðagarði 7	230 Keflavík
Guðjón Björgvinsson	Vesturgötu 133	300 Akranesi	Thelma L. Benediktsdóttir	Þórufelli 8	111 Reykjavík
Guðjón Ingimundarson	Ártúni 5	550 Sauðárkr.	Tinna Sigurbjörnsdóttir	Heiðargerði 14	190 Vogum
Guðjón Leó Guðmundsson	Vesturgötu 53	107 Reykjavík	Tómas Gunnarsson Rekstad		Noregi
Guðlaug Ýr Sæmundsdóttir	Garðsstöðum	112 Reykjavík	Unnur Árnadóttir	Lönguhlíð 17	603 Akureyri
Guðmundur H. Guðjónsson	Eystra-Hrauni	880 Kirkjub.kl.	Unnur Birgisdóttir	Langholtsv. 163	104 Reykjavík
Guðrún Guðmundsdóttir	Sólvallagötu 30	230 Keflavík	Unnur Inga Ingvarsdóttir	Lágengi 5	800 Selfossi
Guðrún Ingimundardóttir	Strandaseli 2	109 Reykjavík	Valgerður Guðmundsdóttir	Hólabraut 20	545 Skagastr.
Guðrún M.Þorsteinsdóttir	Mánagötu 21	240 Grindavík	Valgerður Sif Jónsdóttir	Þrabakka 30	109 Reykjavík
Gullveig P. Snorradóttir	Austurvegi 14	240 Grindavík	Valgerður Tryggvadóttir	Rauðási 7	110 Reykjavík
Gunnar Óli Sölvason	Baugahóli 13	640 Húsavík	Valtýr Már Hákonarson	Safamýri 41	108 Reykjavík
Hadda M. Haraldsdóttir	Háaleitisbr. 24	108 Reykjavík	Valþór Bjarki Guðmundsson	Miðtúni 3	620 Dalvík
Hafdís Jóhannsdóttir	Holtsgötu 9	245 Sandgerði	Vigdís Jónsdóttir	Sléttahrauni 23	220 Hafnarf.
Hafþór Snær Þórsson	Glaðheimum 14	104 Reykjavík	Viktor Stefán Björnsson	Tunguslóð 15	603 Akureyri
Hallbjörg Erla Fjeldsted	Gunnlaugsg. 20	310 Borgarnesi	Vilborg Steinþórsdóttir	Granuf.götu 22	600 Akureyri
Halldór Stefán Haraldsson	Háaleitisbr. 24	108 Reykjavík	Vilhjálmur Guðmundsson	Reykási 6	110 Reykjavík
Halldóra M Gunnarsdóttir	Tjarnarlundi 2d	600 Akureyri	Vilhjálmur S. Fjeldsted	Gunnlaugsg. 20	310 Borgarnesi
Hanna Rún Ragnarsdóttir	Stararima 65	112 Reykjavík	Þorbjörg H. Eiríksdóttir	Bleiksárhlíð 9	735 Eskifirði
Haraldur L. Haraldsson	Vatnsnesvegi 9	230 Keflavík	Þorgerður Ólafsdóttir	Sámsstöðum	320 Reykholti
Harpa Þöll Eiríksdóttir	Jörfabakka 14	109 Reykjavík	Þórarinn Guðjónsson	Strandaseli 2	109 Reykjavík
Heiða Rós Gunnarsdóttir	Þelamörk 59	810 Hveragerði	Þórey Hannesdóttir	Hvassaleiti 93	103 Reykjavík
Heiðar Már Þráinsson	Skógarási 2	110 Reykjavík	Þórunn E. Sigurðardóttir	Ljósalandi 7	415 Bolungarv.
Heiðrún Lind Vignisdóttir	Löngumýri 59	210 Garðabæ	Þuríður L. Sigurðardóttir	Sléttu	730 Reyðarfirði
Hekla Þöll Stefánsdóttir	Hjallabraut 13	815 Þorláksh.	Örlygur Sigurðarson	Ennisbraut 10	355 Ólafsvík
Helga Hannesdóttir	Hvassaleiti 93	103 Reykjavík			
Helga Rut Steinsdóttir	Lindarbergi 84	220 Hafnarf.			
Helga Rún Jóhannsdóttir	Breiðavaði 1	701 Egilsst.			
Helga Valdís Björnsdóttir	Kópubraut 7	260 Njarðvík			
Hendrikka Friðriksdóttir	Hvammabraut 12	220 Hafnarf.			
Hermann Þór Hauksson	Kambsstöðum	601 Akureyri			
Hilda Helgadóttir	Stapasíðu 11d	603 Akureyri			
Hilmar Snær Einarsson	Laufrima 81	112 Reykjavík			
Hjalti Þrastarson	Vörðubergi 22	220 Hafnarf.			
Hjördís Gunnlaugsdóttir	Valbraut 2	250 Garði			
Hrafnhildur Halldórsd.	Krókabyggð 25	270 Mosfellsbæ			
Hrund Hermannsdóttir	Baugahóli 13	640 Húsavík			
Hrönn Auður Gestsdóttir	Birkiteig 29	230 Keflavík			
Hugrún Þorsteinsdóttir	Reykjabyggð 19	270 Mosfellsbæ			
Inga Sæbjörg Magnúsdóttir	Hlíðargötu 47	750 Fáskrúðsf.			
Ingibjörg Friðriksdóttir	Hvammabraut 12	220 Hafnarf.			



Kynnið ykkur þátttökureglurnar á næsta sölustað Kókómjólkurinnar.

Íslenska er okkar mál

LISTIR

Sumarsýning – handa hverjum?

MYNDLIST

Austursalur Kjarvalsstaða

MÁLVERK, HÖGGMYNDIR ÍSLENSKIR LISTAMENN

Til 29. ágúst. Opið daglega frá kl. 10–18. Aðgangur kr. 300.

FYRIR hvern eru sýningar? Þessi spurning flaug um hugann þar sem ég olnbogaði mig gegnum kynstrin öll af samsettum höggmyndum Karel Appel og málverk dregin upp í þýskum, nýmaleríska harðlífisstíl. Leiðin lá inn í Kjarvalssal til að skoða verk í eigu safnsins en slíkt er ekki hægt öðruvísi en hnjóta um nýleg verk Cobra-höfðingjans hollenska. Æ, hvað ég skil nú vel hvað Svavar heitinn Guðnason átti við þegar hann hélt því fram að það væri hálfgert óbragð af Cobra-listinni.

Eftir að hafa fengið flestallt á silfurfati frá Geira Jorn og öðrum „villtum" Dönum á fjórða og fimmta áratugnum er Appel á gamals aldri allt í einu kominn í læri hjá Baselitz og Paladino – sér mun yngri mönnum – sem maður hélt að hefðu lært sitthvað af honum. En það leynir sér ekki að grófar styttur höggnar með bjúgöxi og samsettar höggmyndir með frumstæðum táknmyndum eru af sama meiði og nær tuttugu ára gamlar viðarstyttur Baselitz og Paladino. Hefði ekki verið nær að fá sýningu með Appel þegar



SJÁLFSMYND Louisu Matthíasdóttur á sumarsýningunni í Kjarvalssal.

hann var og hét; – fyrir hálfri öld eða svo?

Sem betur fer eru Íslendingar býsna lausir við villimannastíl Appel, ef til vill vegna þess að okkur nægir að fara á fyllirí til að finna fyrir frummanninum hið innra. Við þurfum ekki að sanna tilveru hans með því að mála hann á vegginn. Reyndar er alltaf eitthvað kauðskt og ósannfærandi við tilraunir Evrópumanna í þá áttina. Það er orðið svo langt síðan við skriðum út úr hellinum. Hins vegar býr villimennskan góðu lífi undir fáguðu yfirborði okkar eins og Auswitsch, Derry og Kosovo sanna betur en nokkur orð fá lýst. En slík villimennska er ekki frumstæð heldur háþróuð. Það gerir hana svo fulla af öfgafullum öfuguggahætti.

Hvað er það þá sem íslensku listamennirnir sýna? Það er gamla góða eljan og natnin, svo langt sem allt slíkt nær. Kristján Davíðsson tekur móti gestinum þegar inn er komið. Honum tekst það sem Appel á svo erfitt með; – vera frjáls án þess að þurfa að leika frummanninn ógurlega. Kristján virðist ekki þurfa að biðja forláts á prúðmennsku sinni enda veit hann að hún ræður ekki pensli hans. Það er miklu fremur þær Karólína Lárusdóttir og Louisa Matthíasdóttir sem eru haldnar þeirri settlegu náttúru sem setur tjáningunni ákveðnar skorður.

Louisa er þó af allt öðru sauðahúsi en Karólína. Þótt borgarlandslag hennar sé að mínu mati dregið einum of sterku og afgerandi litaspili verður ekki annað sagt en sjálfsmyndin sé hrífandi verk; full af næmum og vel útfærðum áherslum. Þarna er manneskja í öllu sínu veldi, mikill persónuleiki sem á sínum tíma var forsendan að dýrasta ástarbálki sem ortur hefur verið hér á landi á þessari öld.

Málverk Karólínu er miklu frásagnarkenndara, líkt og lýsing úr bók eftir Roald Dahl. Hvað varðar slík anekdótísk minni þá eru styttur, eða lágmyndir, Huldu Hákon

Morðsaga frá Maui

ERLENDAR BÆKUR

Spennusaga

LEIKTU ÞIG DAUÐAN „JUST PLAY DEAD"

eftir Dan Gordon. St. Martin's Paperbacks 1999. 227 síður.

DAN Gordon heitir bandarískur spennusagnahöfundur sem hingað til hefur lagt meira upp úr því að skrifa kvikmyndahandrit fyrir Hollywoodverksmiðjuna en bækur. Tvö handrita hans hafa orðið að bíómyndum. Annað var grimmilegt fangelsis- og réttardrama með Christian Slater sem hét „Murder in the First". Hitt var hryðjuverkatryllirinn „The Assignment", talsvert lakara verk. Fyrsta spennusagan sem hann semur í bókaformi heitir Leiktu þig dauðan eða „Just Play Dead" og er svört kómedía um morðsamsæri á eyjunni Maui í Suðurhöfum. Sagan mun vera á leiðinni á hvíta tjaldið.

Morðsamsæri Nóru

Dan Gordon gengur í smiðju spennusagnahöfundarins Elmore Leonards eins og margir aðrir sem eru að fóta sig í þessari gerð bókmennta. Hann leggur mikla áherslu á kaldhæðnislega gamansemi í bæði persónulýsingum og samtölum. Fléttan er hins vegar fengin frá einum af gömlu höfðingjum bandarísku sakamálasögunnar, James M. Cain. Hann skrifaði öðrum betur um samsæri og morð þar sem eggjandi kvenmaður, *femme fatale*, veiddi trúgjarna karlmenn í vef sinn og snéri þeim um fingur sér og fékk þá með sexapílnum einum saman til þess að myrða fyrir sig. Þekktasta saga hans er sennilega Tvöfaldar skaðabætur eða „Double Indemnity", sem Billy Wilder kvikmyndaði af sérstakri list árið 1944 og er ein besta sakamálamynd sem gerð hefur verið. Önnur var „The Postman Always Rings Twice" eða Póstmaðurinn hringir alltaf tvisvar.

Dan Gordon er enginn Cain en honum tekst á sinn alvörulausa og spaugsama hátt að vinna sæmilega úr fléttunni með kvikindislegum persónum; sumum hreint grjótheimskum, öðrum kynæsandi og enn öðrum kaldrifjuðum morðhundum. Staðsetningin, eyjan Maui, er óvenjulega geðþekkur staður fyrir morð, sólrík og afslappandi ferðamannaparadís þar sem aldrei blaktir hár á höfði.

Þar þekkja allir alla og ekkert fer framhjá vökulum augum eyjaskeggja, sem í rauninni bíða þess eins að Jack Wolf verði myrtur af hinu viljalausa verkfæri Chad, að undirlagi eiginkonu Jacks, Nóru. Þau virka eitthvað svo augljós og morð hefur legið í loftinu í langan tíma.

Hver myrðir hvern?

Sagan er sögð eftir að hún hefur átt sér stað og næstum öll kurl eru komin til grafar. Sögumaður er rannsóknarlögreglumaður á eyjunni að nafni Dani Kahana. Hann þekkir vel til Nóru því einu sinni var hann ástmaður hennar og hefði þess vegna getað verið sá sem hún tældi til að myrða Jack. Þess í stað hefur hún heillað (og ruglað) heimskan brimbrettakappa upp úr skónum og fengið honum hlutverk í morðsamsæri sínu. Málið er að Jack veit hvernig konan hans hugsar og reynir að vera skrefi á undan henni. Hver myrðir hvern og hver sleppur og hver verður handtekinn?

Gordon hefur þann leiða sið að skjóta í frásögnina sína löngum útúrdúrum um menn og málefni sem hafa eftir allt ekki svo mikið vægi í sögunni en brjóta hana leiðinlega upp. Sögumaðurinn fær að vaða út og suður. Hins vegar er persónunum skemmtilega lýst og samsærið allt hið forvitnilegasta því það er engin launung fólgin í því; allir vita hvað hinir hugsa nema heimskinginn Chad, sem á í talsverðum vandræðum með að skilja hvað um er að vera.

Leiktu þig dauðan nær ætlunarverki sínu sem spaugileg spennusaga kannski vegna þess að markið var ekki sett of hátt til þess að byrja með.

Arnaldur Indriðason

Nýjar bækur

● ***Principles of Economic Growth*** *nefnist bók eftir Þorvald Gylfason sem nýlega er komin út hjá Oxford University Press. Tilgangur bókarinnar, sem kalla mætti Lögmál hagvaxtar á íslensku, er sagður að skýra í einföldu máli og með myndum kenningar og raunvísindalegar vísbendingar um hagvöxt í heiminum. Höfundurinn, sem lengi hefur kennt hagfræði, taldi að þörf væri fyrir slíka bók, ekki aðeins fyrir þá sem leggja stund á doktorsnám. Sérstaklega er bókin ætluð námsmönnum í hagfræði og viðskiptafræðum en líka hagfræðingum, blaðamönnum, stjórnmálamönnum, fulltrúum stjórnsýslunnar og öðrum sem vilja skilja lögmál hagvaxtar.*



Þorvaldur Gylfason

Í kynningu segir að bókin hafi boðskap, þann að vöxtur og ekki vöxtur snúist að miklu leyti um val, einnig réttlæti því að þeir sem venjulega greiði hæsta gjaldið fyrir hagvöxt sem ekkert verði úr séu hinir fátæku.